

Kennsluáætlun – 2025-2026



8. - 10. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Rakel Anna Boulter

Markmið:

- Að nemandi geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp fólks, miðlað þekkingu sinni og komið hugmyndum sínum skilmerkilega frá sér.
- Að nemandi geti átt í góðum samskiptum, mótað sér skoðun um tiltekin málefni og tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum.
- Að nemandi geti lesið, túlkað og nýtt sér upplýsingar úr fjölbreyttum textum og miðlum, svo sem fjölmiðlum, útvarpi og kvikmyndum, fræðitextum, ljóðum og öðru skáldðu efni.
- Að nemandi geti nýtt bókmenntafræðihugtök til að fjalla um fjölbreytta texta.
- Að nemandi þekki til íslenskrar bókmenntahefðar og sögu.
- Að nemandi læri að umgangast heimildir, geti vísað til þeirra með viðeigandi hætti og geri skýran greinarmun á eigin hugmyndum og annarra.
- Að nemandi geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun og skipi efnisatriðum í röklegt samhengi.
- Að nemandi geti skrifað mismunandi texta með fjölbreyttum orðaforða og málsmiði við hæfi.
- Að nemandi kannist við allar stafsetningarreglur, geti nýtt sér þær í umræðu um málið og geti stafsett rétt almennan texta.
- Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli og ábyrgð sinni við að bæta mál sitt.
- Að nemandi sinni heimalestri 5 sinnum í viku.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Unnið eftir vikuáætlunum
- Leiðsagnarnám
- Stigbreyttar kröfur í öllum verkefnum

Námsmat:

- Orðarún – lesskilningspróf
- Símat, verkefni, kannanir og próf
- Leiðsagnarmat
- Virkni og vinnubrögð í tímum

Námsgögn:

- Skáldsagan *Með heiminn í vasanum* eftir Margréti Örnólfsdóttir
- *Skilaboð móttækin*, verkefnabók í fjölmiðlalæsi
- „Með fjaðrabliki...“, verkefnabók í íslenskri bókmenntasögu
- *Gullvör*, verkefnabók í málfræði
- *Útbrot*, texta- og verkefnabók í lesskilningi
- Námsvefir og ýmis gögn frá kennara